

## Frjálsíþróttaping 2022 - Þinggerð

### 63. Frjálsíþróttaping, haldið í FSu á Selfossi 25. – 26. mars

1. Þingsetning og kjör starfsmanna. Hvort tveggja í höndum formanns FRÍ, Freys Ólafssonar. Þingforsetar kjörnir Arna Ír Gunnarsdóttir og Helgi S. Haraldsson, bæði úr sveitarstjórn Árborgar. Ritun þinggerðar falin Aðalbjörgu Hafsteinsdóttur og Eiríki Mörk Valssyni.

Kjör þingnefnda:

Kjörbréfanefnd: Gunnar Svavarsson formaður, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Íris Berg Bryde.

Allsherjarnefnd: Sigurður Haraldsson, formaður, og með honum Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Unnar Vilhjálmsson.

Laganefnd: Guðlaug Baldvinsdóttir, formaður, Eiríkur Mörk Valsson og Auður Aðalbjarnardóttir.

Fjárhagsnefnd: Teitur Ingi Valmundsson, formaður, Sólveig Kristjánsdóttir og Hjördís Ólafsdóttir.

2. **Skýrsla formanns** Minnst látinna félaga, nafngreindir Brynjar Gunnarsson þjálfara og Einar Haraldsson, fv. varaformann FRÍ sem báðir létust langt fyrir aldur fram.

Formaður minnst einnig Gullmerkishafanna Gunnars I. Birgissonar, Jóns Magnússonar og Sigurgeirs Guðmannssonar. Þá Heiðurskrosshafans Haralds S. Magnússonar.

Kynnir starfsmenn FRÍ, skrifstofu og landsliðsverkefnastjóra.

Afrekssjóður, úthlutun vor og haust.

Nefndir FRÍ gildur þáttur í starfinu.

Aðstöðumál. Vel gert á Selfossi, Hafnarfjörður stendur vel, annars staðar á höfuðborgarsvæðinu skal nefna hinn nýja Breiðholtsvöll, sem er langþráð og góð viðbót. Þjóðarleikvangur loks kominn á blað.

Myndbandalystauki Mörtu Maríu sýndur á stórskjá.

Stjórnsýsla FRÍ verið í þróun, því verður haldið áfram.

Afmælisár. Frábær hópur í undirbúningi að afmælisfagnaði.

Breytingar í vændum í gjaldtöku FRÍ fyrir veitta þjónustu. Tillaga um iðkendagjald fyrir alla keppendur (innan vallar og utan). Sambærilegt fyrirkomulag og hjá þeim í sundi, badminton, fimleikum o.fl.

Gjaldtakan nú er fyrir alla skráða iðkendur, hugmyndin er að aðeins þeir sem keppa greiði þjónustugjaldið.

Samstarf við ÍF þarf að þróa, breytingar hafa orðið á alþjóðavettvangi.

Ný heimasíða kynnt á eftir.

Formaður þakkar Guðlaugu og Gunnari, sem ganga nú úr stjórn, fyrir samstarfið.

Það hafa orðið breytingar og það munu verða breytingar í starfi hreyfingarinnar.

Okkar að styðja hvern þann sem vill bæta sig, sama hvert getustigið er.

Hlaupasamfélagið dæmi þar um, hreyfingin þarf öll að standa að þeim breytingum.

**Helgi S. Haraldsson**, forseti bæjarstjórnar Árborgar býður þingheim velkominn á Selfoss.

Lýsir ánægju með sitt sveitarfélag sem hefur allt til alls og er í blómlegum vexti.

Sveitarfélagið með samning við öll íþróttafélög, hvert félag/deild sem uppfyllir kröfur um fyrirmyndarfélag fær t.d. 500 þúsund á ári.

Lykilatriði að uppbygging aðstöðu/mannvirkja sé í góðu samráði sveitarfélagsins og notenda.

**Helgi S. Haraldsson**, formaður Frjálsíþróttadeildar UMF Selfoss í 23 ár:

Aðstaðan gerbreytt. Frjálsíþróttavöllur kom fyrir 11 árum, þá taldi ég mig geta hætt. Nú er komin glæsileg innanhússaðstaða fyrir frjálsíþróttir svo nú tel ég mig geta hætt.

**Ávörp gesta:**

**Andri Stefánsson**, framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Færir FRÍ afmælisveðju frá ÍSÍ.

Frjálsar ein af lykilgreinum í sögu íþróttar á Íslandi.

Erfiðir tímar, farsóttarþref. Svo skaut ofbeldisumræðunni upp svo um munaði.  
Hreyfingin vinnur að því að sjálfbóðaliðar geti sinnt grunnstarfi en þurfi ekki að sökkva sér í hvers konar skýrslugerðir fyrir ríki og sveitafélög.  
„Aðgengi fyrir alla“, allir eigi greiða leið inn í íþróttir.  
Framlög frá ríkinu frekar að dragast saman heldur en hitt.

### Heiðursviðurkenningar Frjálsíþróttasambandsins

Bronsmerki FRÍ:

Auður Ólafsdóttir, Fjölni  
Áslaug Pálsdóttir, Breiðabliki  
Bogi Eggertsson FH  
Guðmundur H. Guðmundsson, FH  
Gunnhildur Hinriksdóttir, HSP  
Hermann Haraldsson, FH  
Hjördís Ólafsdóttir, UÍA  
Kári Steinn Karlsson, ÍR  
Kristín B. Ólafsdóttir-Johnson, ÍR  
Magnús Valgeir Gíslason, Breiðabliki  
Óðinn Björn Þorsteinsson, ÍR  
Rúnar Hjálmarsson, HSK  
Þorbjörg Kristjánsdóttir, Ármanni  
Þorgrímur H. Guðmundsson, Fjölni

Silfurmerki FRÍ:

Björg Ágústsdóttir, HSH  
Guðbjörg Viðarsdóttir, HSK  
Guðmundur Karlsson, FRÍ  
Ingólfur Steindórsson, Breiðabliki  
Ingvar Garðarsson, HSK  
Sólveig Kristjánsdóttir, FH  
Þorkell Stefánsson, UMSS

Gullmerki FRÍ:

Alberto Borges Moreno, Breiðabliki  
Eiríkur Mörk Valsson, Breiðabliki  
Óskar Hlynsson, Fjölni  
Sigríður Anna Guðjónsdóttir, HSK  
Þuríður Ingvarsdóttir, HSK

Heiðursfélagar FRÍ:

Helgi S. Haraldsson, HSK  
Jón Fr. Benónýsson, HSP

**Hlé, kaffi og snarl.**

Formaður kjörbréfanefndar kallaður upp. Gerir grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar:  
Aðildarsambönd/félög áttu samtals rétt á 64 þingfulltrúum. 34 mættir, sem sagt 30 auð sæti.

### Skýrsla stjórnar

Rekstur í jafnvægi, þrátt fyrir óvenjulega tíma.  
Aukinn kraftur settur í miðlun.  
Aukið og öflugra starf en nokkru sinni fyrr á skrifstofu sambandsins.  
Nýtt útlit, sem kynnt var á síðasta þingi notað í allri miðlun sambandsins.  
Afreksfólk staðið sig vel, þrátt fyrir aðstæður.

Mikil og virk þátttaka í fjarfundum með hreyfingunni.  
Aukið samstarf Norðurlandaþjóða.  
Góður stuðningur Afrekssjóðs ÍSÍ.

Annars vísar formaður í skýrslu stjórnar, sem finna má á vefsvæði FRÍ.

**Reikningar sambandsins** – Kári Steinn Karlsson, gjaldkeri FRÍ.

Tekjur 2019 yfir 100 mkr fyrsta sinni. Afgangur 2020 meiri en gert hafði verið ráð fyrir, 2021 samkvæmt plani. Öngvar langtímaskuldir og skammtímaskuldir eðlilegar (laun o.fl.).

**Freyr formaður:** aðeins um nýja heimasíðu – sú fer í loftið n.k. mánudag

**Andri Stefánsson ÍSÍ:** – um ársreikninga. Vel stillt upp. Gott að fá samanburð við áætlanir, veitir aðhald

### **Framlagning mála**

Freyr Ólafsson biður um undanþágu vegna tillögu um heimild til stjórnar til viðræðna við ÍF um framtíðina.

Samþykkt að taka tillöguna inn, verður því þingskjal númer 17 og vísað til allsherjarnefndar.

Reikningar fara í fjárhagsnefnd.

Hafsteinn Óskarsson fylgir sumum tillögum Öldungaráðs úr hlaði í stuttu máli.

Guðlaug Baldvinsdóttir rökstyður að tillögu um að færa aldursmörk öldunga úr 30 í 35. Fer einnig yfir ástæður fyrir tillögu um hækkun skráningargjalda.

Tillögur 5 og 6 og 14 í bæði í allsherjar- og fjárhagsnefnd.

### **Nefndir þingsins hefja störf kl. 19.08**

**Dagur tvö** byrjar í flunkunýju fjölnota íþróttahúsi Árborgar á Selfossi.

Helgi S. Haraldsson lýsir húsi og fyrirkomulagi, athöfnin á sér stað í glæsilegum frjálsíþróttahluta hússins. Þingfulltrúar lýsa ánægju og hrifningu, enda ástæða til, og heimamönnum óskað til hamingju.

Að skoðun lokinni heldur hópurinn á fundarstað í FSU og þar bíður uppbyggilegur morgunverður.

### **Málstofur – Ræsum í gang að nýju**

Gunnar Svavarsson kynnir fyrirkomulag og leggur línur fyrir umræður.

Málefnið valið í skugga faraldursins Hefðbundin málefnavinna, 4 hópar. Jafnmargir hópstjórar.

Freyr fer yfir þá punkta sem ræða má út frá:

- Efling unglingsstarfs
- Þjálfarar og mannauður
- Mótahald, betri mót
- Útbreiðsla
- Dómararéttindi, dómaramál, hlaupadómarar
- Samstarf milli félaga um allt land
- Félagsmál, hvernig styrkjum við félögin
- Úrvalshópur / Landslið
- Hlaup og lýðheilsa, átaksverkefni
- Krakkar og frjálssar
- Fatlaðir og FRÍ
- Fjölmíðlar

Formenn umræðuhópa voru valdir Þuríður Ingvarsdóttir, Guðbjörg Viðarsdóttir, Auður Aðalbjarnardóttir og Oddný Kristinsdóttir.

Málstofur starfa frá klukkan 10 til 11.

Tillaga frá þingforseta um að niðurstöður fari í skjal á netinu og umræðum haldið áfram þar. Þingheimur lýsir ánægju með tillöguna og stjórn FRÍ hvött til að láta þetta ganga eftir.

#### **Niðurstöður umræðuhópa kynntar:**

Formenn hópanna gera grein fyrir umræðum og helstu niðurstöðum. Á vefsvæði FRÍ má finna þá punkta sem kynntir voru.

Þingforseti þakkar afrakstur málefnaþópanna.

#### **Þingmál komin úr nefndum, kynning og afgreiðsla**

##### **Allsherjarnefnd, Sigurður Haraldsson**

18 manns tóku þátt í störfum nefndarinnar, eða um helmingur þingfulltrúa.

Fyrir nefndinni lágu þingskjöl númer 1-4, 7-13, 15 og 17.

Auk þess voru þingmál númer 5, 6 og 14 lögð bæði fyrir fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd.

Fjárhagsnefnd gerir grein fyrir sameiginlegri niðurstöðu nefndanna.

Þingskjal 1, um aldursflokkaskipan (Reglugerð 26).

Niðurstaða nefndarinnar að núverandi 1. grein reglugerðar standi óbreytt en að grein 2 verði eins og lagt er til í þingskjali.

Þingheimur samþykkur.

Þingskjal 2, um keppni 11-14 ára. Millipinganefnd þakkað gott starf, þingskjalið felur ekki í sér breytingar á reglugerðum.

Þingskjal 3, breyting á reglugerð 30.

Samþykkt í heild, þó með einni breytingu á framlögðu skjali: grein 2.5.5.1 fellur út og 2.5.5.2 verður 2.5.5.1

Þingskjal 4, breyting á reglugerð 31. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal 7, um keppnisáhöld og grindur. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal 8, um kröfur til valla (reglugerð 22.2)

Ný grein, grein 6 bætist við reglugerðina. Samþykkt eins og lögð fram, nema hvað gerð er krafa um a.m.k. 4 brautir (ekki 6 eins og í tillögunni).

Þingskjal 9, um Meistaramót öldunga. Samþykkt.

Þingskjal 10, um Meistaramót öldunga. Samþykkt.

Í umræðum um „Öldungamótin“ lagði formaður FRÍ fram tillögu um að flokkurinn skyldi heita 30+. Niðurstaða þingsins að stjórn breyti heiti flokksins í reglugerðum, samkvæmt algildri heimild.

Þingskjal 11, um breytingar á reglugerð númer 33, um víðavangshlaup.

Tillagan samþykkt með þessum breytingum:

5. grein: ... Veita skal verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti í öllum flokkum upp að 40 ára aldri. Veita skal ein verðlaun í flokkum 40 ára og eldri.

6. grein: .... Karlar og konur 20-39 ára: u.þ.b. 10 km

Karlar og konur 40-49 ára: u.þ.b. 10 km o.s.frv.

Þingskjal 12, um Meistaramót í víðavangshlaupi. Samþykkt.

Þingskjal 13, um aldur öldunga. Tillagan felld í atkvæðagreiðslu.

Þingskjal 15: Breyting samþykkt á greinum 4.1. í reglugerð 30 og 4.2. í reglugerð 31.

Þessar tvær greinar voru og verða samhljóða og hljóða þannig nú: Ekki eru takmörk á þátttakendafjölda frá einstökum félögum, en stjórn FRÍ getur ákveðið lágmörk í einstökum keppnisgreinum. Skal sú ákvörðun vera tilkynnt ekki síðar en tveimur mánuðum fyrir mót.

Þingskjal 17, um samstarf við ÍF. Samþykkt.

### **Fjárhagsnefnd, Teitur Ingi Valmundsson**

Í störfum nefndarinnar tóku 7 þingfulltrúar þátt.

Nefndin fjallaði um þingmál 16 a, b og c, þ.e. fjárhagsáætlun sambandsins og ársreikninga áráanna 2020 og 2021. Lagt til að í komandi ársreikningum verði áætlun og reikningi stillt upp saman.

Ársreikningar samþykktir einum rómi.

Nefndin hefur ekki miklar upplýsingar að byggja á mat á fjárhagsáætlun. Gerðar breytingar á fjárhagsáætlun þannig að launaliður er hækkaður um 2 mkr og hagnaður lækkaður um sömu upphæð. Samþykkt þannig.

Nefndin fjallaði einnig um þingmál 5, 6 og 14, öll um gjöld keppenda til FRÍ, og hafði þar samráð við allsherjarnefnd.

Þingið samþykkir að vísa málunum til stjórnar FRÍ til frekari greiningarvinnu. T.d. að setja inn upphæðir og ætlaðan fjölda greiðenda, þannig að sjá megi heildaráhrif. Jafnframt að tengdur kostnaður þurfi að fylgja. Bent á að nota mætti Formannafund að hausti til að kynna tillögurnar betur, studdar upphæðum og frekari rökum.

**Laganefnd** fékk ekki þingmál til meðferðar.

**Matarhlé**, súpa og heimabakað. Selfyssingar gera vel við gesti sína.

### **Kosningar**

Í uppstillinganefnd voru Magnús Jakobsson, kapteinn, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Hreinn Ólafsson.

Tillögur uppstillinganefndar kynntar og allar samþykktar með lófataki.

Formaður: Freyr Ólafsson

Stjórn: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir og Jóhann Haukur Björnsson.

Varamenn: Björgvin Víkingsson, Kári Steinn Karlsson, Hjördís Ólafsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Rannveig Oddsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga: Kristinn Guðlaugsson og Hannes Strange, til vara Guðlaug Baldvinsdóttir og Sólveig Kristjánsdóttir.

Formenn fastanefnda:

Fræðslu og útbreiðslunefnd: Gunnhildur Hinriksdóttir

Mannvirkjanefnd: Sigurður Haraldsson

Öldungaráð: Árni Jensen

Dómaranefnd: Björgvin Brynjarsson

Langhlaupanefnd: Friðleifur Friðleifsson

Mótanefnd: Eiríkur Mörk Valsson

Íþrótt- og afreksnefnd: Magnús Valgeir Gíslason

Laganefnd: Guðmundur Heiðar Guðmundsson

Orðunefnd: Freyr Ólafsson

Skráningarnefnd: Bergur Hallgrímsson

Unglinganefnd: Arna Stefanía Guðmundsdóttir

Fulltrúar á þing ÍSÍ: Ákvörðun vísað til nýkjörinnar stjórnar.

Uppstillinganefnd: Magnús Jakobsson, kapteinn, Anna Sigríður Guðjónsdóttir og Hreinn Ólafsson.

---

Þingforseti, Helgi S. Haraldsson þakkar samveruna og fulltrúum gott þing. Lýsir þingstörfum lokið og býður endurkjörnum formanni að slíta þinginu.

Freyr þakkar traustið, er að leggja af stað inn í sitt fjórða tímabil og enn fullur áhuga. Þakkar Selfyssingum frábærar móttökur og slítur þingi með orðunum „Ræsum í gang að nýju“.